

NÁMSLÝSING

STARF Í VÖRUHÚSI

/ Á LAGER

Námskrá: Smiðja 1 – 2, 2

Færni á vinnumarkaði



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Starf á lager / í vöruhúsi – í samræmi við námskrá Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24- 567-1-180)

VINNUSTUNDIR NÁMSMANNSS

Klukkustundir 180

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki og vill undirbúa sig til starfs á lager / í vöruhúsi.

[Click or tap here to enter text.](#)

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2024

Gert af: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við Fjölmennt.

- Staðfest af FA samkvæmt reglum um hæfniviðmið námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	3
SKIPULAG	3
NÁMSMAT	3
STARFSNÁM.....	4
UMFANG OG INNIHALD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA / LEIÐBEINENDA / VINNUSTAÐA / STARFSÞJÁLFA	4
YFIRLITSTAFLA	5
NÁMSÞÆTTIR.....	6
NÝ VERKEFNI, NÝTT STARF 1 – 2.11 F- SMIÐ1HV (28)	6
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.12 F- SMIÐ2FS (2).....	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.13 F- SMIÐ1SL (31)	8
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.14 F- SMIÐ1ÞÆ (29).....	9
SJÁLFSTÆÐ VINNA OG ÞJÁLFUN 1 – 2.15 F- SMIÐ1SP (30)	10
VERKLOK 1 – 2.16 F- SMIÐ2VL (1)	11
VIÐAUKI.....	12
NÁMSMAT	12
MAT Á NÁMI.....	12
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS.....	13
VERKDAGBÓK.....	13
HÆFNIMAT – STARFSÞJÁLFUN – STARF Á LAGER / Í VÖRUHÚSI	15

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði (24-567-1-180), í námskrárgrunni mennta- og barnamálaráðuneytis og á vef FA.

Námskráin Smiðja 1-2, 2 Færni á vinnumarkaði lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi og skiptist í 6 námsþætti. Námslýsingin byggir á starfaprófil, Starf á lager og námslýsingin byggir alfarið á námsskránni og þeim námsþáttum sem þar er lýst. Námsþættirnir eru útfærðir miðað við starf á lager / í vöruhúsi og koma þeir fram hér á næstu síðum með sömu númer og í námskrá. Hæfnipættir hvers námsþáttar eru einnig stílfærðir í takti við verkefnið en innan marka námskrárinnar. FA staðfestir lýsingar frá fræðsluaðilum út frá námskrá og birtir þær á vef sínum, www.frae.is.

Megintilgangur með náminu er að nemar fái góða innsýn í að leysa verkefni sem felast í starfinu sem námslýsing fæst við, læri og þjálfist í vinnulagi, verkunnáttu, vinnusemi og samstarfi. Áhersla er á almenna og starfstengda starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Æskileg hópastærð er 6 – 10 nemar í hópi. Framkvæmd náms er í samstarfi fræðsluaðila, Vinnuálastofnunar og fyrirtækja á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Markmið er að efla hæfni fólks til að sinna starfi á lager / í vöruhúsi. Nemar afla sér kunnáttu og nýta til að vinna að verkum undir leiðsögn.

Auk þess að geta leyst ákveðin viðfangsefni eftir þjálfun á vinnustað þá er gengið er út frá að nemar geti unnið með nokkru sjálfstæði undir leiðsögn, eftir að hafa fengið ítarlega leiðsögn. Nemar fá að auki innsýn í og taka virkan þátt í ýmsum verkefnum, daglegum eða sjaldnar unnum verkefnum. Reynslan sem nemar hljóta, bæði við undirbúning og í starfsnáminu nýtist við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni svo að lokum verði nemar tilbúin til að sinna starfinu.

Námslýsingin er ætluð nemum, fræðsluaðilum, starfspjálfum á vinnumarkaði og leiðbeinendum.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

að nota algengt mál tengt verklagi í starfinu

- eigin heilsueflingu og viðhorfi til vinnu
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhalda í vinnu, ef við á
- reglum og leiðbeiningum sem gilda á vinnustað
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti starfsfólks
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til vinnu og breytinga

notkun verkdagbókar.

Leikni:

- Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:
 - fylgja reglum á vinnustað
 - vinna samkvæmt leiðbeiningum leiðsagnar á vinnustað
 - nota viðeigandi efni í samræmi við leiðbeiningar, ef við á
 - nota viðeigandi búnað og áhöld
 - fylgja öryggisreglum um meðferð og notkun búnaðar, eins og við á
 - nota algengt mál sem tengist vinnunni.

Hæfni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum starfsþjálfara á vinnustað
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna verkefni í samstarfi við samstarfsfólk
- sýna þjónustulipurð við viðskiptavinum, ef við á.

Skipulag

Námið er fyrst og fremst verklegt með þverfaglegu innleggi, mest í fyrstu tveimur námsþáttum en auk þess jafnt og þétt á meðan námið stendur yfir. Hæfniviðmið eiga við nám samkvæmt námskránni og miðast við nema sem læra út frá leiðbeiningum og undir verkstjórn.

Stígandi er í náminu í sjálfstæði og ábyrgð á vinnu með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum og undir eftirliti leiðbeinanda eða starfsþjálfara. Í verkefnavinnu ýmist vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni hjá fræðsluaðila. Auk þess vinna nemar sjálfstætt að verkefnum sem tengjast viðbótar vinnuframlagi nema samkvæmt yfirlitstöflu, bls. 5.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og allri framkvæmd sem snýr að fræðsluhluta. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir og tryggir rökrétta samfellu þeirra,

Atvinnutengill VMST er tengiliður við starfsfólk á vinnustað (starfsþjálfari) sem hefur umsjón með nema í starfsnámi fyrir hönd vinnustaðar. Starfsfólk sem sinnir leiðsögn á vinnustað skal hafa hlotið undirbúning fyrir verkefnið. Sá undirbúningur er á ábyrgð VMST. Áhersla er á að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Starfsþjálfar eru fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið/starfið. Starfsþjálfun fer fram á vinnustað.

Með námskránni Smiðja 1 -2, 2 Færni á vinnumarkaði fylgir handbók.

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla lögð á að leiðbeinandi / starfsþjálfari og nemi fari sem oftast

yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Nemar þurfa að standast hæfniviðmið náms til að ljúka námi. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Námslok eru Fagbréf atvinnulífsins á þrepi 1 samkvæmt Hæfniramma um íslenska menntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út Fagbréfið.

Starfsnám

Já, hluti náms er vinnustaðanám en námið er starfstengt með uppbyggingu og þjálfun til undirbúnings fyrir starf á lager / í vöruhúsi, námslýsing námskrárinnar nær til. Námskráin, Smiðja 1.2, 2 Færni á vinnumarkaði, er að stærstum hluta þjálfun til starfs og þess að vera á vinnumarkaði. Vinnustaðanám er um 61% af heildartíma námskrár. Við lok vinnustaðanáms fer fram hæfnimat (samtal) milli nema og starfsþjálfva, sjá viðauka, Hæfnimat – Starfsþjálfun, síðu 15.

Umfang og innihald

Námið er alls 180 klukkustundir og skiptist í sex námsþætti.

Í náminu er almenna og starfstengda starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við viðfangsefni sem staðið er frammi fyrir í starfinu eða mögulega einnig í samfélaginu. Útgangspunktur er að heildarmarkmið námsins náist.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila / leiðbeinenda / vinnustaða / starfsþjálfva

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda / starfsþjálfva. Náms efni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda / starfsþjálfva.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum. Vinnustaður ber ábyrgð á inngildingunni nema í vinnustaðanámi.

Leiðbeinandi/starfsþjálfvi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Þrep
Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11	F- SMÍÐ1HV (28)	15	12	3	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.12	F- SMÍÐ2FS (2)	20	13	7	2
Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13	F- SMÍÐ1SL (31)	20	18	2	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 <i>Vinnustaður</i>	F- SMÍÐ1ÞÆ (29)	51	6	45	1
Sjálfstæð vinna og þjálfun 1-2.15 <i>Vinnustaður</i>	F- SMÍÐ1SP (30)	59	6	53	1
Verklök 1-2.16	F- SMÍÐ2VL (1)	15	15	0	2
Vinnuframlag nema alls		180	70	110	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: nei

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Ný verkefni, nýtt starf 1 – 2.11

F- SMÍÐ1HV (28)

Þrep	1
Vinnustundir	15 (12+3)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 1
Viðfangsefni	heilsuefling, undirbúningur, skipulag, vinnuumhverfi, mæting, viðhorf

Lýsing

Tilgangur námsþátta er að efla almenna starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði, með sérstaka áherslu á starf á lager, og jafnframt að styrkja þekkingu og viðhorf til sjálfbærrar þróunar og öryggis á vinnustað. Nemar munu þróa með sér þá persónulegu hæfni sem nauðsynleg er til að sinna starfi sínu á lager vel undir leiðsögn og þróast í starfi. Námið byggir á fjölbreyttum aðferðum til þjálfunar á starfshæfni: í tengslum við verkefni á lager.

Í upphafi er fjallað um viðhorf og ábyrgð til vinnumarkaðar, að sinna störfum sínum vel og leysa þau vel af hendi. Hverju þarf að huga í tengslum við mætingu og samskipti til að sinna þeim störfum sem okkur er trúað fyrir og leysa þau vel af hendi. Umræða um viðhorf til mætingar í vinnu, að mæta á réttum tíma, taka hlé á réttum tíma og passa alltaf upp á að gera vel það sem við gerum. Áhersla á jákvæð samskipti í daglegum störfum og við samstarfsfólk.

Auk þess er lögð áhersla á að nemar tileinki sér heilsusamlegar venjur, svo sem hreyfingu, holla næringu, hreinlæti og nægan svefn, til að tryggja góða líðan í starfi. Fjallað er um áskoranir í vinnuumhverfi á lager / í vöruhúsi og mikilvægi þess að fylgja öryggisreglum. Nemar fá munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eftir þörfum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.11

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í því að vera í vinnu á lager eða í vöruhúsi
- að mæta á réttum tíma
- samvinna og samstarf í vinnunni
- mikilvægum þáttum í viðhorfi og samskiptum á vinnustað
- almennu hreinlæti og heilsueflingu

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- skoða og ákveða hvernig verkin eru framkvæmd í samræmi við verklagsreglur
- finna hentuga verkferla fyrir verkefnið ef þarf
- nýta vinnuumhverfið til að léttu vinnu
- setja upp verkdagbók fyrir vinnuna.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða eigin skoðanir á samhengi vinnu og að sinna tómsundum í frítíma
- ræða verkefni vinnunnar, t.d. út frá verklýsingu
- vinna verkefni út frá verklýsingu og verkferlum.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	2
Vinnustundir	20 (12+8)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2
Viðfangsefni	fjölmening, samskipti, samvinna, skipulag, verkdagbók, vinnubrögð

Lýsing

Markmið er að nemar nái tökum á helstu þáttum sem starf á lager / í vöruhúsi snýst um. Farið er yfir vinnubrögð, verklagsreglur, öryggisreglur og notkun verkfæra og tækja sem tengjast starfi á lager / vöruhúsi. Áhersla er á að fjalla um vinnuumhverfi út frá samskiptum við samstarfsfólk og viðskiptavinum þar sem við á, með áherslu á mikilvægi samvinnu og góðs starfsanda í starfi á lager / í vöruhúsi. Kynnt og rætt um mikilvægi þess að taka ábyrgð á eigin heilsu og öryggi við vinnuna, þar með talið notkun á sýnilegum fatnaði og öryggisbúnaði.

Fjallað er um samband milli sjálfstrausts og framkomu í samskiptum, einkum þegar unnið er við fjölbreytt verkefni á lager / í vöruhúsi þar sem fjölmening, fordómar, áreiti og einelti geta komið til tals og eða komið upp.

Nemar fá þjálfun í gerð verkdagbókar í tengslum við vinnu á lager / í vöruhúsi. Nemar fá þjálfun í gerð verkdagbókar tengda vinnunni, þar sem þeir skrá daglega verkefni og fara yfir hana reglulega með leiðbeinanda og síðar starfsþjálfna á vinnustað. Hver nemi hefur sitt lag á framsetningu verkdagbókar.

Tilgangurinn er einnig undirbúningur nema fyrir vinnustaðþjálfun og þurfa nemar að geta áttað sig á í hverju starfið felst og við hverju megi búast þegar mætt er á lager / í vöruhúsi. Farið er yfir notkun algengra starfstengdra / fagtengdra orða. Þá er komið inn á helstu þætti vinnuverndar, vellíðan í vinnu og líkamsbeitingu við vinnu. Þessi undirbúningur er lykilatriði í störfum á lager / í vöruhúsi.

Forkröfur: Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.12

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gagnsemi verkdagbókar á vinnustað
- vinnuvernd og réttri líkamsbeitingu á vinnustað
- helstu þáttum fjölmeningar á vinnustað
- að fylgja fyrirmælum í tengslum við verkefni á lager / í vöruhúsi
- samvinnu og samtarfi á vinnustað.

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrirmælum þess sem stjórnar (leiðsögn / starfsþjálfni)
- vinna verkefni sem tilheyra starfi á lager / í vöruhúsi
- nota viðeigandi áhöld og búnað í starfi á lager / í vöruhúsi
- nota algeng fagorð tengd starfi á lager / í vöruhúsi
- gera verkdagbók fyrir dagleg verkefni.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna að verkefni samkvæmt fyrirmælum leiðsagnar
- vanda öll samskipti í vinnu starfi á lager / í vöruhúsi
- tileinka sér vinnubrögð sem henta fyrir verkið.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	1
Vinnustundir	20 (18+2)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 3
Viðfangsefni	leiðbeining og stuðningur þjálfunar, réttindi og skyldur, verkdagbók

Lýsing

Verkefni starfsins á lager / í vöruhúsi eru skoðuð út frá getu, kröfum og hagkvæmni með það að markmiði að styðja og hvetja namar við að ná sem bestum árangri í starfi. Ræddar eru mögulegar leiðir til að leysa verkefni og hvernig best er að forgangsraða þeim. Fjallað er um almenna starfsemi stéttarfélaga með áherslu á störf trúnaðarmanna og hvernig þau geta nýst nemum í starfi.

Tilgangur námsþáttarins er að vera nemum í vinnustaðþjálfun til stuðnings auk þess að fara yfir áskoranir sem upp kunna að koma í starfi á lager / í vöruhúsi. Námsþátturinn er skipulagður af fræðsluaðila í samstarfi við vinnustaðinn þar sem starfsþjálfunin fer fram og VMST. Namar fá reglulega leiðbeiningar um efni sem þeir eru óöruggir með, byggt á þeirri reynslu sem þau hafa öðlast í starfinu.

Verkefni starfsins eru skoðuð í ljósi krafna um vinnuferla á lager / í vöruhúsi, getu til að vinna verkefni á hagkvæman hátt og hvernig hægt er að ná sem bestum árangri í verkefnum. Verklýsingar starfsins eru teknar fyrir, þar með taldar leiðir til að leysa einstök verkefni.

Áhersla er lögð á árangur í samskiptum, samvinnu, að fylgja verklags- og öryggisreglum og að fylgja fyrirmælum og viðeigandi listum í tengslum við verkefni ef við á. Námsþátturinn byggir einnig á heimsóknum VMST á vinnustað meðan á vinnustaðanámi stendur.

Nemar eru hvattir til að halda daglega verkdagbók þar sem skráð eru helstu atriði sem unnið var að eða koma upp í starfinu. Namar og leiðbeinendur fara reglulega yfir verkdagbókina og ræða hvernig verkefni ganga og hvernig þau geta bætt eigin vinnubrögð.

Forkröfur: Verklag og vinnubrögð 1-2.12 – eða samhliða 1-2.14 og 1-2.15, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.13

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- forgangs röðun verkefna við vinnu á lager / í vöruhúsi
- að fara vel með búnað og hluti
- að huga að endurnýtingu hluta og efna
- að nýta vinnutíma vel
- samskiptum við samstarfsfólk og viðskiptavini á lager / í vöruhúsi.

Leikni: Nemi skal með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni eftir verklýsingum og fyrirmælum á lager / í vöruhúsi
- gera verkdagbók reglulega (daglega)
- vinna með samstarfsfólki á lager / í vöruhúsi
- skipuleggja dagleg verkefni á lager / í vöruhúsi.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með öðru fólki að verkefnum á lager / í vöruhúsi
- ræða um lausnir á verkefnum
- meta eigið verk með það fyrir augum að bæta árangur.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	1
Vinnustundir	51 (6+45)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 4
Viðfangsefni	fyrirmæli, samskipti, verkdagbók, vinnutími, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að æfa verklag og þjálfna nema í að fylgja leiðsögn og fyrirmælum sem tengjast verkefnum á lager / í vöruhúsi. Nemar kynnast vinnustaðnum og fyrirkomulagi þar, auk þess að þjálfast í að vinna ákveðin verkefni sem starfið felur í sér. Kennsla á og þjálfun er veitt í að notkun búnaðar sem starfið krefst. Áhersla er lögð á að þjálfna samvinnu við samstarfsfólk við lausn verkefna, auk þess sem fjallað er um framkomu og þjónustulipurð við viðskiptavini, þar sem við á lager / í vöruhúsi.

Nemar fá upplýsingar um vinnutíma, hlé (t.d. matar- og kaffitíma) og öll gögn sem tengjast starfinu. Í upphafi námsþáttarins er mikil áhersla lögð á ítarlegar leiðbeiningar og útskýringar, bæði munnlegar og sjónrænar, á verkefnum sem tengjast starfi á lager / í vöruhúsi. Fyrstu vikurnar er farið daglega yfir leiðbeiningar með nemum til að tryggja að allir skilji vel hvað felst í hverju verkefni.

Áhersla er lögð á að nemar skrái reglulega í verkdagbók, þar sem fram koma helstu verkefni dagsins og áskoranir sem upp koma. Nemar vinna að skipulagningu vinnu með stuðningi ef þarf og nota upplýsingatækni við ákveðin verkefni þar sem það á við, auk þess að nýta lista yfir dagleg verkefni miðað við umsaminn vinnutíma.

Reglulega fara nemi og starfsþjálfari / leiðbeinandi yfir hvernig vinnan hefur gengið og leysa úr málum sem kunna að koma upp.

Forkröfur: Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.14

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nýta vinnutíma vel
- sérstöku verklagi sem viðhafa þarf við vinnu á lager / í vöruhúsi
- meðhöndlun búnaðar og hluta
- vinnustaðnum og þeirri starfsemi sem þar fer fram
- verkefnum sem starf á lager / í vöruhúsi felur í sér
- framkomu við þjónustu og samvinnu við samstarfsfólk.

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni samkvæmt verklýsingum og leiðbeiningum á lager / í vöruhúsi
- fylgja fyrirmælum um vinnutíma og hlé frá vinnu á vinnustað
- nota upplýsingatækni við verkefni tengd vinnu á lager / í vöruhúsi
- skrá reglulega í verkdagbók (daglega)
- merkja, flokka og pakka vörur til flutnings
- taka á móti og skrá vöruskil.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með samstarfsfólki á lager / í vöruhúsi
- sýna þjónustulipurð og kurteisi við viðskiptavini
- ræða um lausnir á verkefnum og bæta eigin vinnubrögð
- huga að öryggi með hreinsun og góðum frágangi á búnaði og öðru sem notað er á vinnusvæði
- afskrifa og merkja gallaðar eða skemmdar vörur.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

Þrep	1
Vinnustundir	59 (6+53)
Námshæð	Smiðja, verkefni 5
Viðfangsefni	stuðningur, eftirfylgni, verkefni og þjálfun í heildarstarf, tileinkun vinnubragða, aukið sjálfstæði við vinnu, möguleg starfsþróun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að styðja nema í að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem þeir hafa fengið í fyrri námsþáttum, styðja þá við dagleg verkefni í endurvinnslu og nýta möguleika til starfsþróunar. Námsþátturinn er beint framhald af fyrri námsþættinum (1-2.14) og byggir á þeim grunni.

Áhersla er lögð á að veita nemum hvatningu og styrk til að auka sjálfstæði í vinnunni eftir þjálfun og leiðsögn. Eftir að nemar hafa náð að tileinka sér vinnubrögð við þjálfun í starfi þá geta nemar tekið aukna ábyrgð við ákveðin verkefni á lager / í vöruhúsi. Þjálfun, stuðningur og eftirfylgni er veitt í tengslum við meginþætti fyrri námsþátta, með áherslu á heilsueflingu, mætingu, fjölmenningu á vinnustað og samvinnu, samskipti og sjálfstæði nema bæði í og utan vinnu.

Nemar skipuleggja dagleg verkefni eins og best hentar og læra að vinna jafnt og þétt að verkefnum sínum. Markmiðið er að nemar geti tileinkað sér aukið sjálfstæði við ákveðin verkefni, tileinkað sér vinnubrögð starfs á lager / í vöruhúsi og tengst starfsumhverfinu með sjálfstrausti. Einnig er lögð áhersla á eftirfylgni með réttindamálum og skyldum nema sem framtíðar launþega á lager / í vöruhúsi.

Forkröfur: Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.15

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að vinna ákveðin verkefni í endurvinnslu jafnt og þétt
- hvernig góð vinnubrögð leiða til betri árangurs í starfi á lager / í vöruhúsi
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag
- hvernig aukið sjálfstæði, góð heilsa og samskipti auka vellíðan í starfi.

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið á lager / í vöruhúsi
- sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- viðhafa góð samskipti við samstarfsfólk á lager / í vöruhúsi
- nýta stuðninginn til sjálfseflingar.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða verkefnið út frá leiðum sem farnar voru við úrlausn
- gera grein fyrir niðurstöðu verks út frá áætlun
- mæta vel og viðhafa jákvætt viðhorf í samskiptum og samstarfi
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur í starfi á lager / í vöruhúsi.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat. Símat og verkdagbók nýtast gjarnan við lokamat á námi fyrir útgáfu Fagbréfs atvinnulífsins.

Þrep	2
Vinnustundir	15 (15+0)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 6
Viðfangsefni	hvatning til framtíðar, lærdómur við verklok, verkdagbók o.fl.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fara yfir námið í heild með sérstaka áherslu á báða hluta vinnustaðanámsins á lager / í vöruhúsi. Nemar eru þjálfaðir í lestri launaseðils til að undirbúa þá fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Mikilvægt er að veita nemum hvatningu til framtíðar, með það fyrir augum að þeir finni starf sem hentar þeim vel og stuðlar að auknum lífsgæðum og vellíðan. Fjallað er um hvernig nemum hefur tekist að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem veitt var, og árangurinn sem náðst hefur í vinnunni á lager / í vöruhúsi.

Samantekt á verkdagbók er gerð, og hver nemi kynnir sitt verkefni frá vinnustaðnum. Lögð er áhersla á markmiðasetningu fyrir hvern nema, sem er að hluta til heimaverkefni. Nemar eru kynntir fyrir gerð ferilskrár og þjálfaðir í því.

Við verklok fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig vinnan hefur gengið frá upphafi til enda. Nemi leggur fram sitt eigið mat á vinnuframlagi sínu og þróun á sjálfstæði og fagmennsku í starfi sínu á lager / í vöruhúsi.

Forkröfur: Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið 1 – 2.16

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi leiðsagnar og þjálfunar í vinnustaðanámi á lager / í vöruhúsi
- hvernig góð vinnubrögð skila sér í betri heildarniðurstöðu í vinnu á lager / í vöruhúsi
- að meta eigið vinnuframlag í samvinnu við starfsþjálfva / leiðbeinanda
- lesa og átta sig á innihaldi launaseðils
- vinna að gerð eigin markmiða.

Leikni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið í starfsþjálfun á lager / í vöruhúsi
- sýna fram á aukið sjálfstæð í vinnubrögðum
- ræða um námið í heild sinni og lærdóminn af því
- vinna að gerð ferilskrár.

Hæfni: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- kynna verkefni sitt í hópnum
- vinna að setningu eigin markmiða
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur.

Námsmat

Simat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (starfsþjálfva) á vinnustað.

Viðauki

Viðaukar
Námsmat – Mat á námi
Mat á framkvæmd náms
Verkdagbók
Hæfnimat - Starfsþjálfun

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með fjölbreyttum matsaðferðum og með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsins. Áhersla er á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nemanna. Gert er ráð fyrir að nemandi haldi verkdagbók sem lið í að meta námsframvindu sína.

Nemum er gerð grein fyrir að í verkdagbók eigi að safna gögnum um verkefni og frammistöðu svo að fyrirtæki eða skóli geti notað í leiðsögn og við að leggja viðeigandi mat á virkni og verkskil.

Markmið með verkdagbók er að styðja við og efla nám auk þess að vera ákveðinn vitnisburður um árangur. Í verkdagbókina safna nemandi helstu upplýsingum í tengslum við vinnustaðanám, hvaða viðfangsefnum er sinnt, ef eitthvað kemur upp á á vinnustað, hugrenningum, verklýsingum og fleiru sem getur skipt máli. Auk þess færa þau jafnóðum lýsingar sínar á framvindu verksins og ályktanir sem þau draga til að auka þekkingu sína, leikni og hæfni.

Leiðbeinandi metur verkdagbók í samstarfi við starfsþjálfva á vinnustað og hvort verkefni sé unnið í samræmi við gefið verklag og hvort nemi hafi fylgt leiðbeiningum. Nemi metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra nema og leiðbeinanda. Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir fjórar tölur: 4 jafngildir Alltaf, 3 er Oftast, 2 er Stundum, 1 er Aldrei.

Virkni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum, hugmyndum og öðru námsefni				
Tekur virkan þátt í umræðum				
Jákvætt viðhorf til skólafélaga og verkefna				
Tekur virkan þátt í viðfangsefnum				

Mat á námi

Merktu við eins og þér finnst hafa gengið	Á ekki við	Já	Nei
Voru verkefnin eins og þú áttir von á?			
Var auðvelt að skilja munnlegar leiðbeiningar?			
Var auðvelt að skilja skriflegar leiðbeiningar?			
Gastu unnið eftir verklýsingu þinni?			
Voru vinnuaðstæður góðar?			
Finnst þér að þú hafir lært af þessu námi?			
Fannst þér gott að vinna með leiðbeinanda?			
Finnst þér gagn af að nota verkdagbókina?			
Treystir þú þér til að vinna sambærilegt verkefni eftir verklýsingu á eigin spýtur?			
Gekk þér vel að vinna með öðrum?			
Náðir þú að nota leiðir til að njóta stundarinnar?			

Annað sem þú vilt nefna í tengslum við mat á náminu?

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dagsetning

/

Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá meta namar námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Nemi leggur mat á:

- námið og markmið þess.
- skipulag námsins.
- hæfni leiðbeinenda.
- aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur nemi öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

Verkdagbók

Forsíða

Nemi:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók er safnað efni til þess að:

auðvelda nemum upprifjun á efni smiðjunnar
nemar og leiðbeinendur geti metið framvindu og árangur námsins
vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur nema ef þeir vilt sýna hana öðrum.

Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók á hverjum degi.

Framsetning efnis getur verið skrifleg, riss, teikningar, ljósmyndir og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem neminn kys.

- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Hæfnimat – Starfsþjálfun – Starf á lager / í vöruhúsi

Við lok starfsþjálfunar fyllir starfsþjálfari út hæfnimatið við matssamtal. Að loknu matssamtali staðfesta nemi og starfsþjálfari niðurstöðu matsins.

Hæfnimatið fer fram á vinnustað í samtali á milli starfsþjálfara og nema. Nemi getur óskað eftir að ráðgjafi frá VMST eða fræðsluaðila sé viðstaddur hæfnimat (matssamtal). Nemi skilar niðurstöðum hæfnimatsins til fræðsluaðila.

Þú gefur nema vitnisburð um hæfni með númerum hér fyrir neðan sem eiga að lýsa þekkingu og færni í námsþáttum 1-2.14 og 1.2-15.
1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.
2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.
3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.
4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur sýnt mjög góða færni í starfi.

Hæfnimat námsþátta 1-2.14 – 1.2.15 Starf á lager/ í vöruhúsi	Útfyllist af matsaðila							
	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar	Á ekki við starfið	
Þjálfun og sjálfstæð vinna								
Ég þekki og hef skilning á:								
– að mæta á réttum tíma								
– að koma vel fram við allt fólk								
– starfsemi og verklagi starfs á lager / vöruhúsi								
– öryggisbúnaði til að fyrirbyggja slys og óhöpp								
– að nýta og fara vel með tíma, búnað, hluti og annað í tengslum við umhverfi								
– halda sig við vinnu á vinnutíma								
– rétttri líkamsbeitingu við vinnuna								
– gæðamati á vörum								
Ég get:								
– fylgt fyrirmælum og unnið eftir skipulagi								
– komið vel fram og unnið með öðrum								
– merkt og skipulagt vörur á lager								
– tekið á móti vöruskilum og skráð ástæðu								
– unnið með brettin, kerrur og önnur áhöld								
– þrifið vinnusvæði, gáma og plan til að viðhalda öryggi og hreinlæti								
– tekið til og yfirfarið pantanir til viðskiptavina,								
– gengið frá vörum í vörumóttöku								
– sameinað pantanir á bretti og undirbúið til dreifingar								
– stjórnað lyftara, ef við á								
– þrifið plan, ganga og gólf, haldið öllu hreinu m.a. til að koma í veg fyrir slys								
– fylgst með að bretti skapi ekki slyshættu eða skemmdum á vöru, t.d. naglar eða óhreinindi á brettum								
– flokkað úrgang og sett réttan gám								
– sýnt sjálfstæði í ákveðnum verkefnum eftir að hafa fengið þjálfun								
– notað upplýsingatækni í tengslum við vinnuna								
– skráð daglega í verkdagbók								
– lesið launaseðil fyrir vinnuna								

Hér staðfesta starfsþjálfari og nemi að skráðar upplýsingar séu réttar.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift nema í starfsþjálfun:
Staður:	Dagsetning:	Undirskrift starfsþjálfara:

